



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

ÁRANGURSSKÝRSLA 2009

NÓVEMBER 2010



EFNISYFIRLIT

1.0 INNGANGUR	4
2.0 VÍDDIR STARFSEMINNAR	4
3.0 ÞJÓNUSTA	5
3.1 Mælikvarðar	5
3.1.1 Fréttir á vef FSR	5
3.1.2 Framvinduskýrslur til verkkaupa	6
3.1.4 Hlutfall fjárhagsyfirlita af virkum verkum sent til verkkaupa.....	6
3.1.6 Gátlisti tölvubúnaðar útbúinn og yfirfarinn.....	7
3.1.7 Hlutfall verkefna þar sem frávik raunkostnaðar (að fráðregnum viðbótarverkum) frá áætlun er minna en 5%	7
4.0 FJÁRMÁL FSR	8
4.1 Mælikvarðar.....	8
4.1.1 Fjöldi greiðsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í verklegri framkvæmd í umsjón FSR	9
4.1.2 Endurskoðaðar greiðsluáætlanir.....	9
4.1.3 Fjármagnskostnaður sem hlutfall af veltu	9
4.1.4 Afskrifaðar kröfur sem hlutfall af veltu.....	9
4.1.5 Hlutfallslegt frávik (tap) rauntalna frá áætlun	10
4.1.6 Hlutfallslegt frávik útseldra tíma frá áætlun.....	10
4.1.7 Hlutfallslegt frávik innseldra tíma frá áætlun.....	10
5.0 INNRA STARF	11
5.1 Mælikvarðar.....	11
5.1.1 Fjöldi yfirfarinna verklagsreglna, leiðbeininga og staðlaðra forma sem hlutfall af heildarfjölda	11
5.1.2 Gæðastjórnunarkerfi FSR vottað	11
5.1.3 Allar verklagsreglur hafi verið teknar út og þær farið í gegnum úrbótaferli samkv. kröfum IST 9001 fyrir 1. maí 2009	11
5.1.4 Ánægja starfsmanna með miðlun upplýsinga.....	12
5.1.5 Fjöldi fundargerða faghópa á Verkefnavefnum.....	12
6.0 MANNAUÐUR	13
6.1 Mælikvarðar.....	13
6.1.1 Fjöldi starfsmannasamtala á ári sem hlutfall af starfsmannafjölda.....	13
6.1.2 Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir eða nokkuð ánægðir með úthlutun verkefna.....	13
6.1.3 Ánægja starfsmanna FSR með aðbúnað og líðan á vinnustað.....	13
6.1.4 Áætla hverjum starfsmanni fjármagn til símenntunar.....	14
7.0 FRUMKVÆÐI	15
7.1 Mælikvarðar.....	15
7.1.1 Gerð flæðirit og stöðluð form fyrir frumathuganir	16
7.1.2 Hlutfall umsagna um áætlunargerð þar sem FSR kemur að málum	16
7.1.3 Viðhald og þróun kostnaðarbanka FSR	16

7.1.4 Innleiðing BIM.....	16
7.1.5 ÖHU áætlanir í fundargerð	16
7.1.6 Fundir með samstarfsaðilum	16
7.1.7 Gæðabókhalda hönnuða og verktaka.....	17
7.1.8 Fjöldi verka á Verkefnavef	17
7.1.9 Minnkuð orkunotkun	17
7.1.10 Árlegt hlutfall verkefna með umhverfisstefnu í verksamningi miðað við árið áður.....	17
8.0 Samanburður rauntalna við rekstraráætlun fyrir árið 2007	18
8.1 Laun	19
8.2 Ferðir og fundir	19
8.3 Almennar rekstrarvörur.....	19
8.4 Aðkeypt þjónusta.....	19
8.5 Húsnæði	19
8.6 Bifreiðar og vélar	19
8.7 Vextir, skattar og afskriftir	19
8.8 Eignakaup.....	19
8.9 Tekjur.....	19
8.10 Niðurstaða ársins	20
9.0 LOKAORÐ.....	20

1.0 INNGANGUR

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur frá árinu 2003 unnið í anda gæðastjórnunar, eins og hún er sett fram í alþjóðlega gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001.

Í október 2004 tók Framkvæmdasýslan upp aðferðafræði samhæfðs árangursmats sem hluta af gæðastjórnun sinni og í tengslum við það hafa verið sett upp stefnukort og skorkort fyrir stofnunina.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir árangri Framkvæmdasýslunnar á árinu 2009, bæði hvað varðar þjónustu, fjármál, innra starf, mannauð og frumkvæði, og er það meðal annars gert með því að birta og fjalla um niðurstöður mælinga á mælikvörðum í skorkortinu. Hver vídd starfseminnar fær umfjöllun í sérstökum kafla og í síðasta kaflanum er farið yfir hvernig rekstraráætlun ársins 2009 stóðst, með því að bera saman áætlun og rauntölur.

2.0 VÍDDIR STARFSEMINNAR

Starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins hefur verið flokkuð niður í fimm víddir: Þjónusta, Fjármál FSR, Innra starf, Mannauð og Frumkvæði. Hugmyndin er sú að í hverri vídd sé tekið á áhersluatriðum sem stofnunin hefur sett fram á viðkomandi sviði.

Samkvæmt aðferðafræði samhæfðs árangursmats eru innan hverrar víddar sett fram yfirmarkmið, markmið og mælikvarðar sem tengjast þeirri starfsemi eða áherslum sem hver vídd skilgreinir.

Fjallað verður um hverja vídd fyrir sig í þeim köflum sem hér fara á eftir. Tekin verða fyrir þau verkefni og áhersluatriði sem tilheyra viddinni, ásamt þeim markmiðum og mælikvörðum sem þar eru sett fram.

Í hverjum kafla er sýnd skjámynd af niðurstöðum skorkortsins til frekari skýringar.

VÍDDIR	A Þjónusta	▼ A.1: <u>Veita viðskiptavinum góða þjónustu</u> ▼ A.2: <u>Viðhalda faglegum vinnubrögðum</u>
	B Fjármál FSR	▲ B.1: <u>Viðhafa markvissa stýringu fjármuna</u> ▶ B.2: <u>Halda fjármálum innan ramma áætlana</u>
	C Innra starf	▼ C.1: <u>Hafa vel skilgreinda og skjalfesta verkferla</u> ▶ C.2: <u>Hafa markvissa og áreiðanlega upplýsingamiðlun</u>
	D Starfsmenn	▶ D.1: <u>Hafa hæft starfsfólk hjá FSR</u> ▲ D.2: <u>Viðhalda góðri og öflugri sérþekkingu</u>
	E Frumkvæði	▲ E.1: <u>Stuðla að vönduðum undirbúningi framkvæmda</u> ▶ E.2: <u>Stuðla að brún ráðgjafa- og verktakamarkaðar</u> ▲ E.3: <u>Sýna frumkvæði í notkun upplýsingatækni</u> ▶ E.4: <u>Stuðla að gerð og útgáfu viðmiðana.</u>

Skorkort: Skjámynd af inngangssíðu Skorkorts FSR árið 2009.

3.0 ÞJÓNUSTA

3.1 Mælikvarðar

Hér er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir þjónustuvíddina árið 2009. Síðan er fjallað um hvern mælikvarða og stöðu hans í lok ársins.




Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2009, sem sýnir þjónustuvíddina með markmiðum og mælikvörðum.

3.1.1 Fréttir á vef FSR

FSR er þjónustustofnun og mikilvægt að hún miðli sem bestum upplýsingum um starfsemi sína til viðskiptavina sinna og almennings. Mælikvarðinn mælir fjölda birtra fréttar á vef FSR og felst mælingin í að telja birtar fréttir tvisvar á ári. Séu fréttir færri en 22 á 6 mánuðum verður mælikvarðinn á gulu svæði og verða fréttir færri en 18 verður mælikvarðinn rauður.

Niðurstaða mælinga er að mælikvarðinn er á grænu svæði á báðum árshelmingum, 25 fréttir á þeim fyrri og 22 á þeim seinni.



3.1.2 Framvinduskýrslur til verkkaupa

Framkvæmdasýslan hefur þá vinnureglu að veita verkkaupum reglulega upplýsingar um framvindu verka. Því hefur verið útbúinn mælikvarði til að meta hversu vel gengur að koma upplýsingunum til skila.

Forstjóri ákveður í samvinnu við verkefnastjóra hvort og hvenær á að útbúa framvinduskýrslu og senda til verkkaupa. Skýrslurnar eiga síðan að vera sendar með tölvupósti, settar inn á verkefnavef FSR eða með öðrum sannanlegum hætti komið til verkkaupa.

Mælikvarðinn er athugaður á hálfárs fresti og er þá fundið hlutfall skýrslna, sem voru sendar, miðað við áætlun. Markmiðið er 100% en leyft er 10% frávik fyrir grænt svæði og 30% frávik fyrir gult svæði.

Niðurstaða mælinga ársins er að einungis voru sendar framvinduskýrslur í 26,3% verka á hvorum árshelmingi og er því mælikvarðinn rauður.

Ein helsta ástæða slakrar mælingar er að með tilkomu Verkefnavefs er verkkaupum veittur beinn aðgangur að fundargerðum ásamt öðrum gögnum og upplýsingum sem á verkefnavef liggja og markmiðinu um upplýsingagjöf þar með náð. Þessi mælikvarði verður því endurskoðaður fyrir árið 2010.



3.1.3 Fjárhagsyfirlit yfirfarin mánaðarlega

Þessi mælikvarði gerir ráð fyrir að kostnaðaráætlanir séu yfirfarnar mánaðarlega og fjárhagsyfirlitin uppfærð, þar sem það á við. Mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári.

Í lok reikningagerðar skal senda yfirlit með tölvupósti, þau sett inn á verkefnavef FSR eða með öðrum sannanlegum hætti komið til verkkaupa. Eftir að verkframkvæmd lýkur og þar til skilamati er lokið er ekki ástæða til að gefa út fjárhagsyfirlit.

Markmiðið er 100% en leyft er 5% frávik fyrir grænt svæði og 20% frávik fyrir gult svæði.

Niðurstaða ársins 2009 er sú að ekki hefur tekist að uppfylla skilyrði þessa mælikvarða. Ástæðan er miklir örðugleikar við innleiðingu bókhaldskerfisins Orra. Þessi mæling er því rauð fyrir allt árið



3.1.4 Hlutfall fjárhagsyfirlita af virkum verkum sent til verkkaupa

Á sama hátt og með framvinduskýrslur er gerð áætlun yfir hvenær og í hvaða verkum á að koma upplýsingum um fjárhagsstöðu til verkkaupa.

Þessi mælikvarði er skoðaður mánaðarlega og er þá fundið hlutfall skýrslna, sem voru sendar, miðað við áætlun.

Markmiðið er 100% en leyfð eru frávik upp á 10% fyrir grænt svæði og 25% fyrri gult.

Niðurstaða ársins 2009 er sú að ekki hefur tekist að uppfylla skilyrði þessa mælikvarða. Ástæðan er miklir örðugleikar við innleiðingu bókhaldskerfisins Orra. Þessi mæling er því rauð fyrir allt árið



3.1.5 Ábendingar frá innri viðskiptavinum skrifstofu

Mælikvarðinn beinist að því að kanna hversu vel er brugðist við ábendingum frá innri viðskiptavinum skrifstofunnar. Mælingin felst í að kanna hversu háu hlutfalli ábendinga brugðist er við.

Mælikvarðinn er kannaður tvisvar á ári og er stefnt að 100% árangri. Leyfð eru 10% frávik fyrir grænan lit og 20% fyrir gulan.

Niðurstaða mælinga ársins er að brugðist var við 63% ábendinga á hvorum árshelmingi og er því mælikvarðinn rauður.



3.1.6 Gátlisti tölvubúnaðar útbúinn og yfirfarinn

Til að starfsmenn FSR geti sinnt störfum sínum með skilvirkum og hagkvæmum hætti er nauðsynlegt að allur tölvu- og tækjabúnaður sem notaður er uppfylli þær kröfur sem gera má í stofnun sem FSR. Til að fylgjast með þeim atriðum er útbúinn mælikvarði sem byggist á að gerður sé gátlisti yfir nauðsynlegan búnað og hann yfirfarinn ársfjórðungslega til að kanna stöðuna.

Mælikvarðinn er athugaður ársfjórðungslega og stefnt að 100% árangri. Þó er leyft 10% frávik fyrir grænt svæði og 20% fyrir gult svæði.

Niðurstaða ársins er rautt svæði þar sem gátlistinn var ekki útbúinn og eftirfylgni því engin.



3.1.7 Hlutfall verkefna þar sem frávik raunkostnaðar (að fráðregnum viðbótarverkum) frá áætlun er minna en 5%

Þegar skilamat hefur verið gefið út fyrir ákveðið verk er raunkostnaðurinn, án kostnaðar við viðbótarverk, borinn saman við áætlunir.

Mælingin er síðan í því fólgin að kanna hversu hátt hlutfall lokinna verka hefur haldist innan 5% viðmiðsins.

Markmiðið er 100% en leyft er 5% frávik fyrir grænt svæði og 15% frávik fyrir gult svæði.


Venjan er að mæla þetta hlutfall tvisvar á ári en árið 2009 var það einungis mælt einu sinni. Gefin voru út sjö skilamöt þetta árið. Í fjórum verkum var frávikið innan 5% markanna en í hinum þremur var frávikið meira en 5%. Þannig verður gildi mælikvarðans fyrir árið 57% og hann þar af leiðandi rauður.



4.0 FJÁRMÁL FSR

4.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða fjármálavíddarinnar og stöðu hans á árinu 2009. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2009, sem sýnir fjármálavíddina með markmiðum og mælikvörðum.

4.1.1 Fjöldi greiðsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í verklegri framkvæmd í umsjón FSR

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári og sýnir fjölda greiðsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í umsjón FSR. Markmiðið er 100% en leyft er 10% frávik fyrir grænt svæði og 30% frávik fyrir gult svæði.

Á fyrri helmingi ársins voru gerðar greiðsluáætlanir í 95% verka og sama hlutfall mældist á seinni helmingi ársins. Mælikvarðinn er því grænn.

Vert er að geta þess að þessi mælikvarði kemur betur út þetta árið en árið 2008 og það ár hafði árangur einnig batnað frá árinu 2007.



4.1.2 Endurskoðaðar greiðsluáætlanir

Mikilvægt er að innborganir til FSR frá viðskiptavinum sé í góðum takti við útstreymi fjármagns frá stofnuninni. Því er mikilvægt að fram fari reglubundin endurskoðun á greiðsluáætlunum viðskiptavinnanna, eftir því sem verkin þróast.

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári. Þá er mælt hlutfallið af endurskoðuðum greiðsluáætlunum, sem eru í gildi á hverjum tíma í verklegum framkvæmdum.

Markmiðið er að minnsta kosti 90% greiðsluáætlana séu endurskoðaðar. Leyft er þó 20% frávik fyrir gult svæði.

Mælikvarðinn mælist 80% á fyrri árshelmingi og 90% á þeim seinni. Mælikvarðinn fyrir árið er því gulur.



4.1.3 Fjármagnskostnaður sem hlutfall af veltu

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári og sýnir fjármagnskostnað FSR sem hlutfall af veltu.

Markmiðið er 0% en það er mjög stíf krafa varðandi þetta hlutfall. Leyft er 0,05% frávik fyrir grænt svæði og 0,1% frávik fyrir gult svæði.

Mælikvarðinn er grænn í báðum mælingum ársins og mælist 0%.

4.1.4 Afskrifaðar kröfur sem hlutfall af veltu

Þessi mælikvarði er skoðaður einu sinni á ári og sýnir afskrifaðar kröfur FSR sem hlutfall af veltu.

Markmiðið er 0% en leyft er 0,5% frávik fyrir grænt svæði og 2,0% frávik fyrir gult svæði.

Gildi mælikvarðans fyrir árið 2009 er 0% og er hann grænn.



4.1.5 Hlutfallslegt frávik (tap) rauntalna frá áætlun

Rekstraráætlun FSR miðar við að stofnunin sé rekin á núlli ár hvert. Verði hagnaður af rekstrinum telst ekki um frávik að ræða í þessu tilliti.

Þessi mælikvarði mælir því eingöngu tap á rekstri. Markmiðið er 0% en leyft er 4,0% frávik fyrir grænt svæði og 10,0% frávik fyrir gult svæði.

Reksturinn var í jafnvægi árið 2009 og ekkert frávik þannig að mælikvarðinn er grænn.

Frekari umfjöllun um samanburð á rauntölum við rekstraráætlun ársins er í kafla 8.



4.1.6 Hlutfallslegt frávik útseldra tíma frá áætlun

Í upphafi hvers árs gera allir starfsmenn FSR áætlun um vinnu sína. Vinnutímar eru annars vegar flokkaðir í "útselda tíma" og hins vegar í "innselda tíma" og innan hvors flokksins eru tímarnir síðan settir niður á ákveðin verkefni. Með útseldum tímum er átt við þá tíma sem FSR gerir reikninga fyrir til sinna verkkaupa, þ.e. einungis ráðuneyti og stofnanir þeirra, fyrir ýmiss konar þjónustu, bæði ráðgjöf og umsjón með framkvæmdum.



Þessi mælikvarði er skoðaður mánaðarlega og sýnir hlutfallslegt frávik útseldra tíma frá áætlun. Markmiðið er að ekkert frávik sé frá áætlun, en leyft er 5% frávik fyrir grænt svæði og 10% frávik fyrir gult svæði. Einungis er mælt neikvætt frávik, þ.e. ef útseldir tímar eru færri en áætlað var. Ef frávikið er jákvætt, þ.e. útseldir tímar eru fleiri en áætlað var, túlkast það ekki sem frávik.

Frávik mældist 5% eða minna alla mánuði ársins og eru þeir því allir grænir.

4.1.7 Hlutfallslegt frávik innseldra tíma frá áætlun

Með innseldum tímum er átt við þá tíma sem starfsmenn FSR verja til innra starfs og þróunarvinnu af ýmsu tagi.

Þessi mælikvarði er skoðaður mánaðarlega og sýnir hlutfallslegt frávik innseldra tíma frá áætlun. Markmiðið er að ekkert frávik sé frá áætlun, en leyft er 5% frávik fyrir grænt svæði og 10% frávik fyrir gult svæði. Einungis er mælt neikvætt frávik, þ.e. ef innseldir tímar eru fleiri en áætlað var. Ef frávikið er jákvætt, þ.e. innseldir tímar eru færri en áætlað var, túlkast það ekki sem frávik.

Þrjá mánuði ársins mælist frávikið á milli 5-10% og fær því gulan lit. Aðra mánuði ársins er frávikið minna en 5% og því grænt. Heildarmælikvarðinn er því grænn árið 2009.

5.0 INNRA STARF

5.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða víddarinnar um innra starf 2009 og stöðu hans á árinu. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.

5.1.1 Fjöldi yfirfarinna verklagsreglna, leiðbeininga og staðlaðra forma sem hlutfall af heildarfjölda

Mælikvarðinn gerði ráð fyrir því að öll skjöl í Rekstrarhandbók yrðu yfirfarin fyrir 31. janúar 2009. Stefnt var að 100% árangri en 5% frávik leyfð fyrir grænan lit og 20% fyrir gulan.

Niðurstaðan varð að einungis 35% skjala í Rekstrarhandbók voru yfirfarin fyrir 31. janúar 2009 svo mælikvarðinn er rauður.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2009, sem sýnir víddina fyrir innra starf með markmiðum og mælikvörðum.

5.1.2 Gæðastjórnunarkerfi FSR vottað

Fyrir árslok 2004 var gerður samningur við Vottun hf. um vottun gæðakerfis FSR. Í upp-hafi ársins 2009 var stefnan sett á gæðakerfi stofnunarinnar fengist vottað fyrir árslok.

Mikil vinna var lögð í endurskipulagningu gæðastjórnunarkerfisins og allra skjala sem því tilheyra á árinu en markmiðið um vottun fyrir lok árs náðist ekki og er mælikvarðinn því rauður.

5.1.3 Allar verklagsreglur hafi verið teknar út og þær farið í gegnum úrbótaferli samkv. kröfum IST 9001 fyrir 1. maí 2009

Í samræmi við markmið um að fá vottun á gæðastjórnunarkerfi FSR á árinu var sett markmið um að allar verklagsreglur yrðu teknar út og færu í úrbótaferli. Mælikvarðinn er grænn ef markmið næst en annars rauður.

Af ýmsum orsökum m.a. vegna mikillar vinnu við endurskipulagningu alls kerfisins varð ekki af því að þetta markmið næðist og er mælikvarðinn rauður.

5.1.4 Ánægja starfsmanna með miðlun upplýsinga

Mæling á ánægju starfsmanna með miðlun upplýsinga innan FSR byggir á viðhorfskönnun meðal starfsmanna.

Markmiðið er að 100% starfsmanna séu ánægðir eða frekar ánægðir með upplýsingamiðlun en leyft er 15% frávik fyrir grænt svæði og 30% frávik fyrir gult svæði.

Samkvæmt viðhorfskönnun sem Ríkisendurskoðun framkvæmdi innan stofnunarinnar eru 61% starfsmanna ánægðir með miðlun upplýsinga. Mælikvarðinn er því rauður.



5.1.6 Gerð kynningargagna á glærum lokið fyrir 1. júlí 2009

Markmiðið var að útbúa glærupakka um starfsemi FSR sem aðgengilegur verður til notkunar fyrir alla starfsmenn FSR.

Mæling gæfi grænan lit ef það næðist fyrir 1. júlí en annars rauðan. Markmiðið náðist og fær grænan lit.

5.1.5 Fjöldi fundargerða faghópa á Verkefnavefnum

Á árinu 2009 var lögð áhersla á öflugt faghópastarf innan stofnunarinnar. Faghópar innan FSR sem eru forstjóra til ráðgjafar á viðkomandi sviðum ásamt því sem þeir aðstoða við gerð mælikvarða fyrir Skorkort FSR á sínu sviði. Til að efla upplýsingamiðlun innan stofnunarinnar var mælikvarðinn um fjölda fundargerða faghópa settur upp. Gert er ráð fyrir að hóparnir fundi tvisvar í mánuði og eru fundargerðir vistaðar á Verkefnavef FSR.

Mælikvarðinn byggir á reiknuðu meðaltali fjölda funda á hverju þriggja mánaða tímabili. Markmiðið er 100% eða sex til fimm fundir á hverju tímabili sem gefa grænt svæði, þrír fundir gult svæði en færri gefa rautt.

Mælikvarðinn mædist gulur á tveimur ársfjórðungum, fyrsta og síðasta en var rauður á hinum tveimur.

Heildarniðurstaða mælingar er gulur litur.

6.0 MANNAUÐUR


6.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða mannauðsvíddarinnar 2009 og stöðu hans á árinu. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.

6.1.1 Fjöldi starfsmannasamtala á ári sem hlutfall af starfsmannafjölda

Þessi mælikvarði, sem skoðaður er einu sinni á ári, sýnir fjölda starfsmannasamtala á ári sem hlutfall af starfsmannafjölda. Mælikvarðinn er grænn ef rætt er við a.m.k. 80% starfsmanna og gulur ef hlutfallið er milli 60 og 80%.

Engin starfsmannasamtöl fóru fram á árinu og er því mælikvarðinn rauður.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2009, sem sýnir starfsmannavíddina með markmiðum og mælikvörðum.

6.1.2 Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir eða nokkuð ánægðir með úthlutun verkefna

Hér er mælt hvernig til hefur tekist við úthlutun verkefna til starfsmanna enda er stefnt að því að úthluta verkefni í samræmi við hæfileika og áhugasvið hvers starfsmanns. Stuðst er við niðurstöður úr viðhorfskönnun á meðal starfsmanna.

Mælt er hlutfall þeirra sem eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir. Markmiðið er 100% ánægðir starfsmenn en leyft er 15% frávik á grænu svæði og 30% frávik á því gula.

Samkvæmt niðurstöðu viðhorfskönnunar eru 89,9% starfsfólks ánægt með úthlutun verkefna og því er mælikvarðinn grænn.

6.1.3 Ánægja starfsmanna FSR með aðbúnað og líðan á vinnustað

Til að kanna ánægju starfsmanna varðandi aðbúnað og líðan á vinnustað var gerð viðhorfskönnun og svör við spurningum er tengdust aðbúnaði og líðan tekin saman til að mæla þennan mælikvarða. Stefnt var að 100% ánægju en leyfð 10% frávik fyrir grænt svæði og 20% fyrir gult.

Niðurstaða mælingar er að 82,2% starfsmanna voru ánægð með aðbúnað og líðan og því er mælikvarðinn gulur.

6.1.4 Áætla hverjum starfsmanni fjármagn til símenntunar

Þessi mælikvarði er skoðaður í upphafi hvers árs og mælir hvort áætlað hefur verið fyrir símenntuninni í rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir nýbyrjað ár. Mælt er af/á, þannig að til að svæðið haldist grænt þarf svarið að vera já.

Gert var ráð fyrir þessu í áætlun fyrir árið 2009 og er mælikvarðinn því grænn.



6.1.5 Helmingur verkefnastjóra FSR sækir námskeið SI um Öryggis- og heilbrigðisáætlanir á árinu.

Í samræmi við markmiðið um að viðhalda og efla sérþekkingu innan FSR vill stofnunin gera sérstakt átak í að efla þekkingu verkefnastjóra í gerð öryggis- og heilbrigðisáætlana.

Mælikvarðinn verður skoðaður einu sinni og er markmiðið 100% árangur en þó eru leyfð 20% frávik fyrir grænt svæði og 30% fyrir gult. Allir verkefnastjórar FSR sóttu ofangreint námskeið á árinu er það 100% árangur og þar með grænn litur.

7.0 FRUMKVÆÐI

7.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða frumkvæðisvíddarinnar og stöðu hans á árinu.

Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2009, sem sýnir frumkvæðisvíddina með markmiðum og mælikvörðum.

7.1.1 Gerð flæðirit og stöðluð form fyrir frumathuganir

Í samræmi við markmiðið um aukin gæði og hagræðingu í vinnslu frumathugana var ákveðið að á árinu yrðu útbúin stöðluð form, gert flæðirit og yfirlit yfir þau gögn sem til eru um frumathugun í GoPro, S-drifi og í Rekstrarhandbók, sex form alls.

Mælikvarðinn er skoðaður einu sinni á árinu. Sex til fimm form gefa grænan lit, 3 gefa gulan annars verður mælikvarðinn rauður.

Niðurstaða mælingar ársins er 100% árangur og því er mælikvarðinn grænn.

7.1.2 Hlutfall umsagna um áætlunargerð þar sem FSR kemur að málum

Markmið FSR er að þróa samstarf við verkkaupa um framkvæmd áætlunargerðar, innihald og framsetningu ráðgjafasamninga. Til að mæla árangur við innleiðingu þess vinnulags eru taldar þær umsagnir sem FSR vinnur yfir árið.

Mælikvarðinn er skoðaður árlega og hafi FSR gert umsagnir í 80% tilvika eða fleiri fæst grænn litur, ef hlutfallið fer niður í 70% fæst gulur litur annars rauður.

Niðurstaða ársins er að hlutfallið er 80% og því er mælikvarðinn grænn.

7.1.3 Viðhald og þróun kostnaðarbanka FSR

FSR telur mikilvægt að auka trúverðugleika og nákvæmni kostnaðaráætlana þannig að það séu til öruggari upplýsingar á grundvallarframkvæmdum, slíkt er meðal annars gert með því að viðhalda og þróa kostnaðarbanka FSR.

Mælikvarðinn er skoðaður einu sinni á ári og er hlutfall verka sem hafa verið uppfærð í kostnaðarbankann. Stefnt er að 100% árangri en leyfð 5% frávik fyrir grænt svæði og 15% fyrir gult.

Niðurstaða mælingar ársins er 100% árangur og fær mælikvarðinn því grænan lit.



7.1.4 Innleiðing BIM

Innleiðing BIM á Íslandi er mikið átaksverkefni sem FSR hefur leitt til þessa. Til þess að starfsmenn stofnunarinnar þekki vel um hvað málið snýst stendur til að upplýsa þá með markvissum hætti um þau skref sem tekin verða í innleiðingarferlinu.

Áætlaðir voru fjórir kennslufundir með verkefnastjórum, einn á hverjum ársfjórðungi.

Mæling leiðir í ljós að engir fundir voru haldnir og er því mælikvarðinn rauður.

7.1.5 ÖHU áætlanir í fundargerð

FSR tekur þátt í innleiðingu og þróun öryggisheilbrigðis- og umhverfismála (vinnuumhverfi) í íslenskum byggingariðnaði. Stefnt er að því að ÖHU áætlanir séu gerðar í öllum verkum.

Mælikvarðinn er skoðaður árlega og stefnt að 100% árangri en þó er leyft 5% frávik fyrir grænt svæði og 10% fyrir gult.

Niðurstaða mælingar ársins er að ÖHU áætlanir voru gerðar í 92,3% verka og því er mælikvarðinn grænn.

7.1.6 Fundir með samstarfsaðilum

Frá árinu 2003 hafa verið gerðar kröfur í útboðsverkum á vegum FSR um að verktakar vinni í anda gæðastjórnunar. Mjög misjafnt er hvernig verktökum hefur tekist að uppfylla þessar kröfur, en mikið hefur þó áunnist á síðastliðnum árum. Til að uppfylla það markmið að innleiða gæðastjórnun í hönnun og verklegum framkvæmdum voru áætlaðir fimm fundir með samstarfsaðilum, Svo sem SI, verktökum og hönnuðum.

Mælikvarðinn sem er skoðaður árlega gefur grænan lit fyrir 5 fundi og gulan lit fyrir 3 fundi.

Niðurstaða mælingar ársins er að engir fundir hafa verið haldnir svo mælikvarðinn er rauður.

7.1.7 Gæðabókhald hönnuða og verktaka

Hönnuðir og verktakar eiga, í verkum sem FSR hefur umsjón með, að skila í upphafi verkefnis svonefndri verkmöppu gæðakerfis. Á árinu 2009 átti að halda áfram að koma þessu kerfi í eðlilegan farveg og að verkmöppurnar verði lifandi gögn á verkstað.

Mælikvarðinn er skoðaður einu sinni á árinu og er gert ráð fyrir að gerðar verði að minnsta kosti fjórar stikkprufur á gæðabókhaldi til að fá gefa grænt svæði, tvær til að fá gult, en annars rautt.

Niðurstaða mælingar er að fimm stikkprufur voru gerðar og því er mælikvarðinn á grænu svæði.



7.1.8 Fjöldi verka á Verkefnavef

Öll útseld verk, yfir 30 milljónum, sem FSR hefur umsjón með eiga að vera vistuð á Verkefnavef, eins og áður hefur verið greitt frá.

Með þessum mælikvarða er ætlað að bera saman fjölda virkra verka á vefnum og fjölda virkra verka í verkbókhaldi sem fara yfir 30 milljónir króna. Mælingin fer fram einu sinni á ári og er stefnt að 100% árangri. Leyfð eru þó 10% frávik fyrir grænt svæði og 20% fyrir gult.

Niðurstaða ársins er að 90% verka yfir 30 milljónum fóru á Verkefnavef og því telst mælikvarðinn vera á grænu svæði.

7.1.9 Minnkuð orkunotkun

Framkvæmdasýslan ætlaði að sýna frumkvæði í umhverfismálum með því að minnka orkunotkun innan FSR á árinu 2009 miðað við árið 2008.

Mælingin er árleg innkaup orku á hvern starfsmann miðað við árið áður. Minni innkaup á orku árið 2009 miðað við 2008 gefa grænt svæði, óbreytt innkaup á orku gefa gult og meiri innkaup orku gefa rautt.

Niðurstaða mælingar er að orkuinnkaup FSR jukust á árinu 2009 og því er mælikvarðinn rauður.



7.1.10 Árlegt hlutfall verkefna með umhverfisstefnu í verksamningi miðað við árið áður

FSR stefndi að því á árinu að sýna frumkvæði í því að koma byggingaverkefnum á hennar vegum í gegnum vistvænt vottunarferli. Í þessu sambandi verður hvatt til þess að settar verði upp umhverfisstefnum í verkefnum.

Mælikvarðinn ber saman fjölda verka með umhverfisstefnu milli áranna 2008 og 2009. Aukning upp á 20% eða meira á milli ára gefur grænt svæði. Minni en 20% aukning gefur gult svæði og óbreytt ástand eða minnkun gefur rautt.

Niðurstaða ársins er að aukningin er minni en 20% svo mælikvarðinn fær rauðan lit.

8.0 Samanburður rauntalna við rekstraráætlun fyrir árið 2009

Hér að neðan má sjá samanburð rauntalna við rekstraráætlun Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2009. Í köflum 8.1 til 8.10 verður fjallað nánar um hvern greiðslulið.

Áætlun	Rekstrarliður	Rauntölur	Frávik
108.950.686	Dagvinna	118.510.382	9%
1.851.300	Aukagreiðslur	1.814.826	-2%
11.261.812	Yfirvinna	4.901.547	-56%
25.401.479	Launatengd gjöld	27.058.173	7%
147.465.277	Samtals	152.284.928	3%
3.500.000	Fundir, námskeið og risna	3.771.138	8%
1.600.000	Ferða- og dvalarkostn. inn.	1.797.062	12%
3.500.000	Ferða- og dvalarkostn. erl.	1.888.307	-46%
5.000.000	Akstur	8.408.138	68%
13.600.000	Ferðir o.fl.	15.864.645	17%
250.000	Tímarit, blöð og bækur	262.178	5%
1.625.000	Skritst.vörur og áhöld	1.595.353	-2%
625.000	Aðrar vörur	619.669	-1%
2.500.000	Rekstrarvörur samtals	2.477.200	-1%
1.500.000	Önnur sérfræðiþj.	3.973.827	165%
6.394.723	Tölvu- og kerfisfræðiþj.	10.049.726	57%
1.700.000	Prentun, póstur og augl.	632.798	-63%
6.000.000	Sími og ýmis leigugjöld	8.682.893	45%
15.594.723	Þjónusta	23.339.244	50%
100.000	Verkkaup og byggingarvörur	177.220	77%
250.000	Rafmagn og heitt vatn	254.720	2%
7.000.000	Húsaleiga, aðk. ræsting Fasteignagjöld og tryggingar	7.067.379	1%
7.350.000	Húsnæðiskostnaður	7.499.319	2%
100.000	Verkstæði og varahlutir		
100.000	Brennslufni og olíur	162.096	62%
100.000	Tryggingar og skattar	115.604	16%
200.000	Bifreiðar og vélar samt.	277.700	39%
1.000.000	Skattar, fjármagnskostn.	1.616.338	62%
1.800.000	Eignakaup	3.271.823	82%
	Tilfærslur	550.000	-
189.510.000	Rekstrarkostnaður alls	207.181.197	9%
-186.910.000	Sértekjur	-216.874.284	16%
-2.600.000	Markaðar tekjur	-1.400.000	-46%
	Aðrar rekstrartekjur		
-189.510.000	Tekjur alls	-218.274.284	15%
0	Tekjur umfram gjöld	11.093.087	

8.1 Laun

Á árinu 2009 var ekki mikil hreyfing á starfsfólki. Þó hætti Heiðdís Brandsdóttir móttökuritari störfum og í hennar stað hóf störf Berglind Ýr Ólafsdóttir. Þá hóf Björn Hallgrímsson byggingafræðingur störf, en hann var staðsettur á Egilsstöðum. Einnig sneri aftur til starfa hjá stofnuninni Jón Heiðar Gestsson verkfræðingur. Báðir eru ráðnir tímabundið. Yfirvinna dróst mikið saman á árinu, eða um 56% frá áætlun, enda höfðu tilmæli borist frá fjármálaráðuneytinu um að skera verulega niður yfirvinnu. Rauntölur ársins 2009 vegna heildarlauna fóru 3% fram úr áætlun, sem þó í raun er samdráttur í meðallaunum á starfsmann vegna þess að um var að ræða aukningu í stöðugildum.

8.2 Ferðir og fundir

Ferðakostnaður innanlands kemur að mestu leyti til vegna ferða stjórnenda FSR á fundi eða opnanir mannvirkja úti á landi. Þessi liður var nokkuð yfir áætlun.

Framkvæmdasýsla ríkisins er aðili að norrænu samstarfi, eins og NKS, NKU og NBD auk annars evrópusamstarfs. Þetta samstarf kallar á ferðir til útlanda á fundi og ráðstefnur. Kostnaður vegna ferða til útlanda varð 46% lægri en áætlun gerði ráð fyrir, enda markvisst dregið úr honum vegna tilmæla frá fjármálaráðuneytinu. Kostnaður við akstur sem skráður er undir þessum lið jókst um 68%, en þetta er hins vegar ekki raunaukning, heldur voru aksturssamningar felldir niður að forsögn fjármálaráðuneytisins og starfsmönnum greitt eftir km-gjaldi. Auknar tekjur koma á móti þessum kostnaði.

8.3 Almennar rekstrarvörur

Þessi liður nokkuð á áætlun, eða 1% undir henni, enda hefur verið gætt aðhalds í rekstri.

8.4 Aðkeypt þjónusta

Flestir liðir aðkeyptrar þjónustu komu út talsvert fyrir ofan áætlun og var rauntalan 50% hærri en áætlun geðri ráð fyrir. Mestu munar þar um óvæntan viðbótarkostnað við innleiðingu á fjárhags- og bókhaldskerfinu Orra.



8.5 Húsnæði

Framkvæmdasýsla ríkisins er til húsa í Borgartúni 7A. Áætlaður kostnaður vegna húsnæðis var nokkuð raunhæfur og endaði með að vera 2% hærri en áætlað hafði verið.

8.6 Bifreiðar og vélar

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur eina bifreið á rekstrarleigu. Rekstur bifreiðarinnar var töluvert kostnaðarsamari en gert hafði verið ráð fyrir og skýrist það að mestu leyti af almennum verðhækkunum.

8.7 Vextir, skattar og afskriftir

Dráttarkostnaður vegna uppgjörs á verki lenti á FSR sem olli því að þessi liður fór fram úr áætlun.

8.8 Eignakaup

Eignakaup urðu nokkru meiri á árinu en gert hafði verið ráð fyrir og skýrist það að mestu af tölvukaupum vegna fjölgunar starfsmanna.

8.9 Tekjur

Tekjur Framkvæmdasýslunnar voru um 218 milljónir króna á árinu 2009 sem er 15% betri árangur en áætlað hafið verið. Þar af voru einungis 1,4 milljónir króna á fjárlögum, en árin þar á undan hafði sú fjárhæð verið 2,7 milljónir króna.

8.10 Niðurstaða ársins

Niðurstaða rekstrar Framkvæmdasýslu ríkisins árið 2009 er að tekjur urðu um 11 milljónum króna hærri en gjöld.

9.0 LOKAORÐ

Árið 2009 var í nokkuð hefðbundnum farvegi hjá Framkvæmdasýslunni, þrátt fyrir að ýmsar róttækar breytingar hafi átt sér stað í opinberum rekstri og niðurskurður útgjalda hafi verið mikill. Ýmsum verklegum framkvæmdum, sem settar höfðu verið af stað fyrir hrun efnahagskerfisins, var lokið á árinu. Þá jókst vinna stofnunarinnar við ýmiss konar athuganir og greiningar á húsnæðisþörf ráðuneyta og stofnana í tengslum við sameiningar þeirra.

Það er von höfunda að skýrsla þessi gefi lesendum gott yfirlit yfir starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins á árinu 2009.

Reykjavík, 19, nóvember 2010.



Óskar Valdimarsson, forstjóri